



## *Íslensk aðlögun OSCOLA*

Lagadeild Háskólans í Reykjavík

Janúar 2019

# Efnisyfirlit

1. OSCOLA .....	2
2. Almenn aðlögun OSCOLA að íslenskum rithætti .....	2
3. Nokkrar sérreglur um íslenskar frumheimildir .....	4
3.1 Íslensk lög og stjórnvaldsfyrirmæli .....	4
3.2 Íslensk lögskýringargögn .....	5
3.2.1 Alþingistíðindi – prentuð útgáfa .....	5
3.2.2 Alþingistíðindi - vefútgáfa .....	5
3.3 Íslenskir dómur .....	6
3.3.1 Dómur – prentuð útgáfa.....	7
3.3.2 Dómur - vefútgáfa .....	7
3.4 Úrskurðir, ákvarðanir og álit stjórnvalda .....	8
3.5. Álit umboðsmanns Alþingis.....	9
3.5.1 Álit- prentuð útgáfa .....	9
3.5.2 Álit- vefútgáfa .....	10
3.6 Þjóðréttarsamningar sem Ísland er aðili að .....	10
3.7 Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu.....	11
4. Sérreglur fyrir viðtöl, bréf og tölvupósta .....	12

## 1. OSCOLA

Fylgja skal „Oxford Standard for the Citation of Legal Authorities“ (OSCOLA) 4 útg., nema annað sé tekið sérstaklega fram í köflum 2 og 3 hér á eftir. Fyrir frumheimildir annarra landa en Oscola 4 útg. nær til skal nota „Guide to Foreign and International Legal Citations“. Athugið einnig að sérstakar ítarlegri leiðbeiningar fyrir þjóðarétt er að finna í „OSCOLA 2006: Citing International Law“ og skal fylgja þeim ef við á. Til hægindaauka hefur auk þess verið saminn sérstakur flýtykill neðanmálgreina með helstu dæmum um íslenska aðlögun OSCOLA. Upplýsingafræðingar á bókasafni HR geta veitt nánari leiðbeiningar og upplýsingar um staðalinn og rafræn heimildaskráningarforrit sem aðlöguð eru að honum. Öll viðeigandi gögn má finna á vefsíðu bókasafns og upplýsingaþjónustu HR, sjá <http://ru.is/oscola>

## 2. Almenn aðlögun OSCOLA að íslenskum rithætti

Aðlaga skal OSCOLA að íslenskum rithætti. Töflu yfir íslenskan rithátt algengra orða og skammstafana er að finna hér á eftir. Athugið að ávallt skal nota tvöfaldar neðri gæsalappir við upphaf beinnar tilvitnunar (sem er styttri en 3 línur) og tvöfaldar efri gæsalappir við lok hennar („“). Punktur, kommur og önnur greinarmerki koma eftir að gæsalappir lokast, nema þau séu mikilvægur hluti tilvitnunarinnar (til dæmis spurningarmerki eða upphrópunarmerki) eða ef tilvitnunin er heil setning. Athugið einnig að samkvæmt OSCOLA er notkun punkta, komma og annarra greinarmerkja í lágmarki í heimildatilvísunum og heimildaskrá. Því er þar ekki notaður punktur í lok styttra orða. Það á þó eingöngu við þegar skrifað er á ensku. Þessu skal breytt og aðlagað að íslenskum rithætti, þannig að punktur komi ávallt í lok styttinga orða (sbr. til dæmis styttingarnar gr., mgr., rg. og ritstj.). Í heimildaskrá skal fylgja reglum OSCOLA, kafla 1.7, þó þannig að íslenskra höfunda skal getið með fullu nafni og þeim raðað í stafrófsröð eftir fornafni.

enska	merking	íslenska
accessed	skoðað (um vefheimildir)	skoðað
art	grein	grein <i>eða</i> gr.
arts	greinar	greinar <i>eða</i> gr.
cf	samanber	samanber <i>eða</i> sbr.
ch	kafli	kafli <i>eða</i> k.
chs	kaflar	kaflar <i>eða</i> k.
	kapituli	kap.
col	dálkur	dálkur
cols	dálkar	dálkar
ed	ritstjóri	ritstj.
edn	útgáfa (þegar seinni útgáfur er að ræða)	útg.
eds	ritstjórar	ritstj.
forthcoming	væntanleg (um væntanlegar greinar og rit)	væntanleg
ibid	sama heimild og í næstu neðanmálgrein að ofan	sama heimild
in	í ritstýrðu greinasafni	í
n	neðanmálgrein (í millitilvísunum)	n. <i>eða</i> nmgr.
note	umfjöllun um dóm í fræðiriti (á eftir tilvísun í dóm)	umfjöllun
para	málgrein	málgrein <i>eða</i> mgr.
paras	málgreinar	málgreinar <i>eða</i> mgr.
reg	reglugerð	reglugerð <i>eða</i> rg.
regs	reglugerðir	reglugerðir <i>eða</i> rg.
rev edn	endurskoðuð útgáfa	endursk. útg.
see	sjá	sjá
supp	viðauki	viðauki
thesis	ritgerð (um óútgefnar meistara-/doktorsritgerðir)	meistararitgerð <i>eða</i> doktorsritgerð
tr	þýðandi	þýð.
trs	þýðendur	þýð.
v	gegn (í tilvísunum til dóma)	gegn <i>eða</i> g.
vol	árgangur <i>eða</i> bindi	árg. <i>eða</i> b.
15(1)(b)	b-liður 1. málsgreinar 15. greinar	grein <i>eða</i> gr. 15(1)(b) <i>eða</i> b-liður 1. mgr. 15. gr.
'quotation'	„bein tilvitnun“	„bein tilvitnun“

### 3. Nokkrar sérreglur um íslenskar frumheimildir

Kaflar 2.1 – 2.5 í OSCOLA eiga einungis við um breskar frumheimildir, en einnig getur OSCOLA vísað sérstaklega til rita eða ritraða sem ekki eru aðgengileg á Íslandi. Því þarf að gæta að nokkrum sérreglum við beitingu staðalsins. Er gerð grein fyrir þeim í köflum 3.1 – 3.7 hér á eftir.

#### 3.1 Íslensk lög og stjórnvaldsfyrirmæli

Vísa skal til laga, reglugerða, auglýsinga og annarra stjórnvaldsfyrirmæla eftir heiti þeirra og stjórnartíðindanúmeri. **Ekki þarf að tilgreina sérstaklega hvort um A- eða B-deild Stjórnartíðinda er að ræða.** Sjá kafla 3.6 fyrir tilvísanir í C-deild Stjórnartíðinda – Þjóðréttarsamningar.

Meginreglan er að full tilvísun kemur fram í meginmáli ritgerðar og er þá óþarfi að vísa einnig til laga, reglugerða og stjórnvaldsfyrirmæla í neðanmálgrein:

Grunnþættir tilvísana í lög og reglugerðir:

Heiti laga | númer.

Heiti reglugerðar | númer.

Heiti reglna | númer.

Dæmi:

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

Lög um almannatryggingar nr. 100/2007.

Reglugerð um rafrænar undirskriftir nr. 780/2011.

Auglýsing um mannvirki og fjarskipti Atlandshafsbandalagsins nr. 610/2008.

Fyrirmæli ríkissaksóknara um hámarkstíma meðferðar líkamsárásarmála, nauðgunarmála og efnahagsbrota hjá lögreglu og ákærendum nr. 5/2009.

Strax í kjölfar fyrstu tilvísunar má í meginmáli eða neðanmálgrein bæta við sviga með stytta heiti viðkomandi laga eða reglugerðar, þ.e., „**gælunafn**“, t.d. (hegingarlög), (hgl.) eða (HGL). Í öllum síðari tilvísunum til sömu laga eða reglugerðar má þá láta duga að vísa í hið stytta heiti í meginmáli/neðanmálgrein. Athugið að gælunafn er ekki notað í skrá yfir frumheimildir.

## 3.2 Íslensk lögskýringargögn

Þegar lögskýringargögn eru til í bæði prentaðri útgáfu og vefútgáfu eiga nemendur eiga val um það til hvorrar útgáfunnar þeir vísa. Nemendur skulu halda sig við þann tilvísunarhátt sem valinn er og gæta þannig samræmis innan ritgerðar.

Hafa þarf í huga að í prentaðri útgáfu umræðuhluta Alþingistíðinda (B-deild) er texti settur í dálka og þarf því að vísa til dálks en ekki blaðsíðutals. Orðið Alþingistíðindi er stýtt í „Alþt.“ og orðið þingskjal er stýtt í „þskj.“

### 3.2.1 Alþingistíðindi – prentuð útgáfa

Grunnþættir tilvísunar til prentaðrar útgáfu A- og B-deildar:

Alþt. | ártal, | deild, | upphafsblaðsíða EÐA –dálkur.

Dæmi:

Alþt. 1997-98, A-deild, 3549.

Dæmi um tilvísun með „pinpoint“:

Alþt. 1997-98, A-deild, 3549, 3610.

### 3.2.2 Alþingistíðindi - vefútgáfa

Grunnþættir tilvísunar til vefútgáfu A-deildar (frumvörp, nefndarálit, þingskjöl, umsagnir og erindi):

Alþt. | ártal, | deild, | þskj. númer – | númer máls.

Þegar vísa þarf til ákveðins staðar innan þingskjals í vefútgáfu þarf tilvísunin að vera að öðru leyti nógu nákvæm til þess að unnt sé að finna textann sem vísað er til. Þannig gæti til dæmis bæst við fyrir aftan kommu á eftir málsnúmerinu: „almennar athugasemdir, kafli 4“ eða þess háttar. Sé kafllinn sem vísað er til lengri en ein útprentuð blaðsíða þarf að telja fjölda málsgreina og vísa til númers málsgreinar innan hans.

Dæmi:

Alpt. 2010-2011, A-deild, þskj. 82 – 78. mál.

Dæmi um tilvísun með „pinpoint“:

Alpt. 2010-2011, A-deild, þskj. 82 – 78. mál, athugasemdir við 5. gr., mgr. 7.

Dæmi um tilvísun í umsögn við frumvarp:

Alpt. 2011-2012, A-deild, 14. mál, umsögn Samtaka atvinnulífsins við frumvarpið, erindi nr. P 140/25.

Grunnþættir tilvísunar til vefútgáfu B-deildar (umræður):

Alpt. | ártal, | deild, | númer máls, | númer fundar | (ræðumaður) | skoðað dags.

Sé ræðan lengri en ein útprentuð blaðsíða, skal einnig vísa til númers málsgreinar innan ræðunnar og skal sú tilgreining þá koma aftast. Geta þarf þess hvenær upplýsingarnar voru sóttar á vefinn þar sem hugsanlegt er að einhverjar breytingar verði gerðar á textanum.

Dæmi:

Alpt. 2010-2011, B-deild, 78. mál, 43. fundur (Mörður Árnason) skoðað 21. október 2011.

Dæmi um tilvísun með „pinpoint“:

Alpt. 2010-2011, B-deild, 78. mál, 43. fundur (Mörður Árnason) mgr.12, skoðað 21. október 2011.

### **3.3 Íslenskir dómur**

Þegar dómur er til í bæði prentaðri útgáfu og vefútgáfu eiga nemendur eiga val um það til hvorrar útgáfunnar þeir vísa. Nemendur skulu halda sig við þann tilvísunarhátt sem valinn er og gæta þannig samræmis innan ritgerðar.

Komi allar sömu upplýsingar og ella myndu vera í neðanmálsgrein fram í meginmáli ritgerðar er óþarfi að vísa einnig til dómsins í neðanmálsgrein. Athugið einnig að strax í kjölfar þess að ákveðinn dómur er nefndur til sögunnar í fyrsta sinn í meginmáli eða neðanmálsgrein má bæta við sviga þar sem dóminum er gefið ákveðið nafn - **gælunafn**, til dæmis (öryrkjadómur), (Hrd. 125/2000) eða (H 426/1998 (hnefaleikar)). Í öllum síðari tilvísunum til sama

dóms má þá láta duga að nota það nafn í meginmáli/neðanmálgrein (sjá nánar bls. 14-15 í Oscola 4. útg.).

### 3.3.1 Dómar – prentuð útgáfa

Grunnþættir tilvísunar til prentaðrar útgáfu:

Dómur nafn dómstóls | ártal, | upphafsblaðsíða.

EÐA

*Nöfn aðila*, |dómur nafn dómstóls | ártal, | upphafsblaðsíða.

Notuð er styttingin „Hrd.“ fyrir dóma Hæstaréttar Íslands. Vísað er til fyrstu blaðsíðu dómsins, en þegar vísað skal nánar tiltekið til ákveðinnar blaðsíðu innan dómsins er rituð komma á eftir upphafsblaðsíðu og síðan tilgreind blaðsíðan sem vitnað er til.

Dæmi:

Hrd. 1999, 2015.

EÐA

*Jón Jónsson g. Jónu Jónsdóttur*, Hrd. 1999, 2015.

Dæmi um tilvísun með „pinpoint“:

Hrd. 1999, 2015, 2017.

EÐA

*Jón Jónsson g. Jónu Jónsdóttur*, Hrd. 1999, 2015, 2017.

### 3.3.2 Dómar - vefútgáfa

Grunnþættir tilvísunar til vefútgáfu:

Dómur nafn dómstóls | dagsetning | í máli nr.

EÐA

*Nöfn aðila*, | dómur nafn dómstóls | dagsetning | í máli nr.

Þegar vísa þarf til ákveðins staðar innan vefútgáfu dóms þarf tilvísunin að vera að öðru leyti nógu nákvæm til þess að unnt sé að finna textann sem vísað er



til. Þannig gæti til dæmis bæst við fyrir aftan kommu á eftir málsnúmerinu: „kafli IV“ eða þess háttar. Sé kafllinn sem vísað er til lengri en ein útprentuð blaðsíða þarf að telja fjölda málsgreina og vísa til númers málsgreinar innan hans.

Dæmi:

Hrd. 19. desember 2000 í máli nr. 125/2000.  
Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. júní 2005 í máli nr. E-2566/2004.  
Dómur Landsréttar 9. nóvember 2018 í máli nr. 304/2018

EÐA nöfn aðila:

*Tryggingastofnun ríkisins g. Öryrkjabandalagi Íslands*, Hrd. 19. desember 2000 í máli nr. 125/2000.

Páll Þór Ómarsson Hiller g. P/f Faroe Ship, Landsréttur 9. nóvember 2018 í máli nr. 304/2018.

Dæmi um tilvísun með „pinpoint“:

*Tryggingastofnun ríkisins g. Öryrkjabandalagi Íslands*, Hrd. 19. desember 2000 í máli nr. 125/2000, kafli IV, mgr. 6.

Páll Þór Ómarsson Hiller g. P/f Faroe Ship, Landsréttur 9. nóvember 2018 í máli nr. 304/2018, kafli II, mgr. 1.

### **3.4 Úrskurðir, ákvarðanir og álit stjórnvalda**

Grunnþættir tilvísana til úrskurða, ákvarðana og álita stjórnvalda:

Úrskurður/ákvörðun/álit nafn stjórnvalds | númer úrskurðar/ákvörðunar/álits | dagsetning | í máli nr.

EÐA

*Nöfn aðila/heiti máls*, | úrskurður/ákvörðun/álit nafn stjórnvalds | númer úrskurðar/ákvörðunar/álits, | dagsetning | í máli nr.

Velja skal aðra aðferðina og gæta samræmis innan ritgerðar. Sé númer úrskurðar/ákvörðunar/álits eða málsnúmer ekki gefið upp í heimildinni skal því sleppt. Vanti bæði skal ávallt getið um nöfn aðila máls eða heiti máls:

*Nöfn aðila/heiti máls*, | úrskurður/ákvörðun/álit nafn stjórnvalds | dagsetning.

Að öðru leyti gilda sömu reglur og um vefútgáfur dóma, sjá kafla 3.3.2.

Dæmi:

*Yfirtaka Landsbankans hf. á Sólningu Kópavogi ehf.*, ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2011, 18. ágúst 2011.

*A g. landlækni*, úrskurður velferðarráðuneytisins 30. maí 2011.

Dæmi um tilvísun með „pinpoint“:

Úrskurður úrskurðarnefndar almannatrygginga 9. desember 2009 í máli nr. 103/2009, niðurstaða, mgr. 7.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2011, 18. ágúst 2011, kafli III(2), mgr. 5.

Álit kærunefndar húsamála 24. mars 2011 í máli nr. 19/2010, niðurstaða, mgr. 4-5.

*A g. Tryggingastofnun ríkisins*, úrskurður úrskurðarnefndar almannatrygginga 9. desember 2009 í máli nr. 103/2009, niðurstaða, mgr. 7.

### **3.5. Álit umboðsmanns Alþingis**

Álit umboðsmanns eru öll til í vefútgáfu. Valin álit og eldri álit eru einnig til í prentaðri skýrslu umboðsmanns Alþingis. Þegar álit eru til í báðum útgáfum eiga nemendur val um það til hvorrar útgáfunnar þeir vísa en skulu gæta samræmis innan ritgerðar sem kostur er. Stytta má heiti embættis umboðsmanns Alþingis í „UA“.

#### **3.5.1 Álit- prentuð útgáfa**

Grunnþættir tilvísana til prentaðrar útgáfu:

Álit umboðsmanns Alþingis | dagsetning | í máli nr. | (SUA | ártal) | upphafsblaðsíða.

Vísað er til fyrstu blaðsíðu álitsins, en þegar vísað skal til ákveðinnar blaðsíðu innan álitsins er rituð komma á eftir upphafsblaðsíðu og síðan blaðsíðan sem vitnað er til.

Dæmi:

Álit umboðsmanns Alþingis 27. apríl 2009 í máli nr. 4919/2007 (SUA 2009) 103.

Dæmi um tilvísun með „pinpoint“:

Álit UA 27. apríl 2009 í máli nr. 4919/2007 (SUA 2009) 103, 121.

### 3.5.2 Álit- vefútgáfa

Grunnþættir tilvísana til vefútgáfu:

Álit umboðsmanns Alþingis | dagsetning | í máli nr.

Að öðru leyti gilda sömu reglur og um vefútgáfur dóma, sjá kafla 3.3.2.

Dæmi:

Álit umboðsmanns Alþingis 1. júlí 2008 í máli nr. 444/2007.

Dæmi um tilvísun með „pinpoint“:

Álit umboðsmanns Alþingis 1. júlí 2008 í máli nr. 444/2007, kafla IV(2), mgr. 12.

### 3.6 Þjóðréttarsamningar sem Ísland er aðili að

Kafla 1 í „OSCOLA 2006: Citing International Law“ fjallar um alþjóðlega þjóðréttarsamninga (t.d. á vegum Sameinuðu þjóðanna) en kafla 2 fjallar um svæðisbundna þjóðréttarsamninga (t.d. á vegum Evrópusambandsins og Evrópuráðsins). Fylgið reglum þeirra. Þegar um alþjóðlega þjóðréttarsamninga er að ræða mælir OSCOLA með því að vísað sé til opinberrar frumútgáfuraðar, svo sem United Nations Treaty Series (UNTS).

Einnig má vísa til slíkra samninga í opinberri útgáfuröð aðildarríkja. Þjóðréttarsamningar sem Ísland er aðili að eru birtir í **C-deild Stjórnartíðinda**. Velja skal aðra aðferðina og gæta samræmis innan ritgerðar. Orðið Stjórnartíðindi er stýtt í „Stjtið.“

Grunnþættir tilvísunar í samninga C-deild Stjórnartíðinda:

Fullt nafn samnings | (samþykktur dagsetning, | tók gildi dagsetning) | Stjtið. C, | númer.

Dæmi:

Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum (samþykktur 18. desember 1979, tók gildi 3. september 1981) Stjtið. C, 5/1985.

Dæmi um tilvísun með „pinpoint“:

Samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum (samþykktur 18. desember 1979, tók gildi 3. september 1981) Stjtið. C, 5/1985 (kvennasáttmáli SP), 5. gr.

Athugið að strax í kjölfar fyrstu tilvísunar í meginmáli/neðanmálgrein, en áður en vísað er til ákveðinnar greinar samningsins, má bæta við sviga með stytta heiti-**gælunafni** viðkomandi alþjóðlegs eða svæðisbundins þjóðréttarsamnings, til dæmis (Mannréttindasáttmálinn), (MSE) eða (kvennasáttmáli). Í öllum síðari tilvísunum til sama sáttmála má þá láta duga að nota hið stytta heiti í meginmáli/neðanmálgrein. Athugið að „gælunafn“ samnings er ekki notað í skrá yfir frumheimildir.

Grunnpættir tilvísunar í ákvarðanir sem birtast í **EES-viðbætur við Stjórn EES:**  
Fullur titill | nr. tbl./ár | Titill ritsins | upphafsblaðsíða

Dæmi:

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 209/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. 52/2015 EES-viðbætur við Stjórn EES 1.

Dæmi um tilvísun með „pinpoint“:

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 209/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. 52/2015 EES-viðbætur við Stjórn EES 1, 2.

### **3.7 Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu**

Samkvæmt kafla 2.7.1 í OSCOLA 4. útg. skal vísa til útgefna dóma Mannréttindadómstóls Evrópu annað hvort í opinberri útgáfu þeirra (*Series A* til 1996, en *Reports of Judgments and Decisions*, stytta sem ECHR, frá 1996) eða í ritröðinni *European Human Rights Reports* (stytta sem EHRR). Þar sem ritröðin EHRR er almennt ekki aðgengileg á Íslandi skal **ekki** styðjast við hana við tilvísanir til útgefna dóma Mannréttindadómstólsins. Fylgið annars reglum kafla 2.7.1 í OSCOLA.

Þegar dómur hefur verið fundinn á leitarvél Mannréttindadómstólsins (HUDOC) er hægt að finna hvort og hvar hann hefur verið gefinn út í opinberri útgáfu undir heiti dóms á aðalsíðu, en þá mun standa *published in Case Reports* eða undir

*Case details - Published in.* Ef engar upplýsingar eru um útgáfu (publication) fylgið þá sérreglum um tilvísanir til óútgefinna dóma, sjá OSCOLA, kafla 2.7.1.

#### **4. Sérreglur fyrir viðtöl, bréf og tölvupósta**

Athugið að leiðbeiningar í Oscola 4. útg. um tilvísanir í viðtöl, tölvupósta og bréf stangast á við Verklagsreglur og leiðbeiningar um BA/ML ritgerðir. En þar stendur að slíkar afleiddar heimildir eigi að raðast í heimildaskrá undir nafni viðmælanda eða sendanda og er því nafn hans skráð fremst í tilvísun, að öðru leyti skal fylgja leiðbeiningum í Oscola 4. útg. bls. 42-43.

Neðanmálgreinar enda ávallt á punkti, en í heimildaskrá er enginn punktur á eftir hverri heimild.

Dæmi um viðtal við höfund:

Ólafur Dýrmundsson, viðtal við höfund (Reykjavík 25. febrúar 2015).

Ef staða og stofnun viðmælanda skiptir máli kemur það fram:

Jón Jónsson, dósent, lagadeild, Háskólinn í Reykjavík, viðtal við höfund (Reykjavík 23. mars 2016).

Dæmi um viðtal sem einhver annar en höfundur tekur:

Jón Jónsson, dósent, lagadeild, Háskólinn í Reykjavík, viðtal við Snorra Snorrason (Reykjavík 23. mars 2016).

Dæmi um bréf til höfundar:

Jóna Jónsdóttir, bréf til höfundar (1. desember 2015).

Dæmi um bréf til annarra en höfundar:

Jóna Jónsdóttir, bréf til Evu Hrafnadóttur (1. júlí 2012).

Dæmi um tölvupóst frá stofnun (sendandi ónafngreindur):

Marel, tölvupóstur til höfundar (25. mars 2014).

Athugið að ef viðmælandi eða sendandi tölvupósts/bréfs óskar eftir nafnleynd má alltaf gera grein fyrir því í meginmáli ritgerðar og gefa viðkomandi dulnefni sem notað er í tilvísun og heimildaskrá.